


## REYNDARTEIKNINGAR – GREINARGERÐ

**Fyrirliggjandi reyndarteikningar** dags. 15.08.2016 eru gerðar til að fylgja nýrri *eignaskiptayfirlýsingu um Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði. Teikningarnar eru unnar upp* úr eldri, samþykktum uppdráttum og athugunum á vettvangi. Innfærðar eru breytingar sem orðið hafa á húsinu til þessa dags.

**Húsið** er steinsteypt, traustbyggt fyrrum netaverkstæði með öflugum steinsteyptum gólfum. Það er byggt í tveimur megináföngum Eystri hlutinn (1948), í átt að Fornubúðum, var áður 1. h. Vinnusalur með mikilli lofthæð. Þar var síðar sett milligólf úr strengjasteypu og að hluta úr timbri. Vestari hlutinn, meðfram Ásbúðartröð, er frá upphafi tvær steyptar hæðir (þak einnig steypt) en húsið er nú ein tveggja hæða heilsteypt bygging með bárujárnsklæddu mænisþaki.

**Aðkoma** og inngangur að verslunar / þjónusturými á 1. hæð er frá plani austan við hús með innakstri af Fornubúðum. Aðkoma og inngangur að skrifstofurými á annarri hæð er frá planinu um útitröppu á suð-austur gafli. Aðkoma og inngangur að sex iðnaðar / þjónusturýmum á 2. Hæð er frá plani við vesturhlið húss ofan á hraunfyllingu með innakstri af Hvaleyrarbraut. Hraunfyllingin er þar sem áður var geil milli Ásbúðartraðar og húss. Lóðarhafi ók hrauni í geilina árið 1980.

**Allar hliðar** hússins nema suð-vesturhlið (að Ásbúðartröð) hafa verið klæddar að utan. Þar sem ekki er um varanlega lokun að ræða (t.d. vegna innréttinga eða auglýsinga) eru op sýnd eins og þau eru undir klæðningunni.

**Skráningartafla** S.A. dags. 12.2.2017 byggir á þessum reyndarteikningum.

**Eldvarnir:** Allar klæðningar innan húss skulu vera af flokki 1. Staðsetja skal reykskynjara og slökkvitæki í samráði við eldvarnareftirlit. Í rýmum á efri hæð skal komið fyrir samtengdum reykskynjurum. Útljós og merkingar séu í samræmi við teikningar.

**Sorp:** Allt lífrænt sorp verði flokkað í viðeigandi ílát innanhúss og flutt daglega á *urðunarstað. Annað sorp fari í sorpgáma- og tunnur utanhúss.*

**Helstu stærðir:**

1. Hæð. Brúttóflatarmál 661,5 m² Brúttórúmmál: 2.337,0 m³
2. Hæð. Brúttóflatarmál 661,5 m² Brúttórúmmál: 2.251,2 m³

Heild: Brúttóflatarmál. 1.323,0 m² Brúttórúmmál: 4.718,5 m³
Lóðarstærð: 3.114,9 m²
Nýtingarhlutfall N = 0,42

Samþykkt þann
29. mars 2017
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Úr Gildi




HVALEYRARBRAUT 3, HAFN. BL-03

*Upprunalegar teikningar gerði Jón Bergsson, verkfræðingur, í maí 1962. Það var viðbygging við 1.h. hús frá 1948.* Verkfræðistofan Hnit gerði uppdrætti af húsinu öllu samþ. í byggingarnefnd Hafnarfjarðar 1.9.1976. Þorsteinn Friðþjófsson, teiknistofunni Torgið, gerði uppdrætti af húsinu 28.05.2000, samþ. af byggingarfulltrúanum í Hafnarfirði 22.des. 2000.

Fyrirliggjandi uppdrætti BL01-BL05 dags.15.08.2016 sem eru gerðir vegna nýrrar *eignaskiptayfirlýsingar teiknaði Sigurþór Aðalsteinsson, arkitekt, með hliðsjón af fyrri* gögnum og nýjum athugunum á vettvangi. Færðar voru inn áorðnar breytingar á húsi og lóð (Nýr lóðarleigusamningur frá 1995), rýmis- og fastanúmer sett á teikningar í samræmi við eignareiningar hússins og sameiningu tveggja matshluta í einn, Mhl 01.

ÞRIÐJA HÆÐIN, ARKITEKTAR – SIGURÞÓR AÐALSTEINSSON FAÍ
LANGALÍNA 7 210 GARÐABÆ
SÍMI: 555 4611 GSM: 864 4168
KT:250144-3939
NETFANG: si@islandia.is

REYNDARTEIKNING
SNIÐ_A–A_AFSTÖÐUMYND

HANNAÐ: TEIKNAÐ: SA DAGS: 15.08.2016 MKV: 1:100, 1:500 VERKNR: